

og um skör fram, þá láti stjórnin á landsins kostnað rannsaka þetta málefni, og ráða bót á þessu vandræði með því að sá mel í sandinn og verja melinn þar sem hann enn þá er, og að hverjum leiguliða verði gjört að skyldu að friða melinn, að viðlagðri útbyggingu og sektum, og loks að settar verði lagaákvæðanir og fyrirskipaðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru þessu til framkvæmdar.

Reykjavík, 30. septemberm. 1878.

Bergur Thorberg.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um uppgjöf á skuld til landssjóðs.* — Með þóknanlegu brjefi 22. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi sent hingað bænarskrá, þar sem stjórn sjúkrahússins í Reykjavík beiðist þess, að hún fái tilkynning um það frá ráðgjafanum, hvort telja megí gefið upp með fjárlögunum 1878 og 1879 lán það, að upphæð 2000 kr. er með konungsúrskurði 20. febrúar 1866, var veitt sjúkrahúsinu vaxtalaust um 5 ár, og var undanþágan frá vaxtalúkningu lengd til 11. júní f. á. með konungsúrskurði 8. janúar 1872.

Eins og yður herra landshöfðingi mun kunnugt, var í athugasemdunum við 4. grein frumvarpsins til fjárlaga fyrir nefnd ár, sem lögð voru fyrir alþingið, gjörð sú athugasemd, að ráðgjafinn vegna meðmæla landshöfðingja um, að sjúkrahúsið mætti fá fjórtíð lán gefið upp, hefði sleppt áminstri upphæð úr yfirlitinu yfir ástand viðlagasjóðsins, eigi heldur voru í tjeðri grein til færðir vextir af áminnztum höfuðstól.

Með því engin mótmæli komu fram frá alþingi á móti þessu, og þingið, þá er það breytti greininni, til færði ekki vextina af þeim 2000 kr., sem ljeðar voru sjúkrahúsinu, en nú voru ekki lengur vaxtalausar, sjer ráðgjafinn ekki betur, en að ætla megí, að alþingið hafi þegjandi samþykkt tillöguna um, að höfuðstóllinn sje gefinn upp.

Samkvæmt þessu eruð þjer, herra landshöfðingi, beðnir þóknanlega að tjá sjúkrahúss-stjórninni það, sem þörf er á.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk til eflingar á sjáfarútvegi.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 20. þ. m. veitist hjer með alþingismanni Einari Bessa Guðmundssyni frá Hraunum í Fljótum í Skagafjarðarsýslu af fè því, sem í fjárlögunum 10. gr. C 5 er ætlað þetta ár til eflingar á sjáfarútvegi og jarðarækt 500 kr. styrkur til þess að ferðast til Noregs í haust og kynna sjer þar bátasmíði Norðmanna, veiðigögn, aðfarir við veiðiskap, hirðingu og meðferð á afla m. fl., og mun jeg eptir nánari tillögum yðar fúss á að veita tjeðum Einari Guðmundssyni jafnmikinn styrk næsta ár, allt með því skilyrði, að hann riti og komi á prent skýrslu um ferð sína, og um það í hverju og hvernig böendur hjer á landi gætu tekið sjer veiðiskap Norðmanna til fyrirmyndar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um aukatekjur sýslumanna.* — Í tilefni af brjefi frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, þar sem hann spyrst fyrir um, hvort sýslumaðurinn eða landssjóðurinn eigi aukatekjur þær, er fjellu til borgunar innan 6. júní þ. á., hvernig skuli fara með tekjur þær, sem 68. gr. aukatekjureglugjörðarinnar veitir heimild til að reikna, hvort sýslumenn enga

142 borgun eigi fyrir skrifföng til rjettargjörða og eptirrita af ýmsu tagi, og hver eigi að
2. sept. kosta embættisbækur þær, sem með þarf — hafið þjer, herra amtmaður, um leið og þjer lögðuð málið undir úrskurð minn tekið fram,

1, að með því að lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta dags. 14. des. f. á. hafi öðlast gildi hinn 6. júním. þ. á. virðist eiga að álíta, að þau hafi verið í gildi allan þann dag, og að þær aukatekjur, er þann dag fjellu til borgunar þess vegna eigi að renna í landssjóð,

2, að, þar eð gjald það, sem um sje rætt í 68. gr. aukatekjureglugjörðarinnar megi álitast að vera borgun fyrir sjerstakleg ómök við skipti, eða endurgjald kostnaðar, er þau hafa í för með sjer, virðist eigi ástæða til að telja það með aukatekjum, eða geta þess í aukatekjubókinni,

3, að kostnaður til skriffæra og embættisbóka, virðist eiga að teljast með skrifstofukostnaði þeim, er sýslumenn ekki hafa rjett til að heimta endurgjald fyrir.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður alveg samdóma um það, sem þjer þannig hafið sagt.

143 — *Brjef landshöfðingja til biskups um uppbót á fátækum prestaköllum.*
14. sept. — Í heiðruðu brjefi frá 12. þ. m. hafið þjer herra biskup skýrt frá, að af þeim 4000 kr., sem í 13. gr. fjárlaganna A. b. 1. eru veittar til uppbótar fátækustu brauðum hjer á landi, og sem jeg útbýtti með brjefi frá 30. jan. þ. á., sjeu enn eptir 600 kr., þar eð 2 prestaköll Ás í Skaptártungu og Mývatnsþing hafa ekki verið veitt fyrir 31. ágúst þ. á., og hafið þjer komið með uppástungu um skiptingu á þessum 600 kr. Út af þessu skal hjer með tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg samþykki hjer með, að af nefndri upphæð sje neðannefndum brauðum greidd uppbót fyrir yfirstandandi ár.

1. Presthólum með skilyrðum þeim, sem tiltekin eru í brjefi yðar frá 14. þ. m.	100 kr.
2. Stóruvöllum	50 —
3. Stað í Grunnavík	100 —
4. Skinnastað	100 —
5. Knappstöðum í Skagafjarðar prófastsdæmi	50 —
6. Hvammi — —	50 —
7. Stöð í Suður-Múla-prófastsdæmi	50 —
8. Mývatnsþingum	100 —
	alls 600 —

144 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*
17. sept. skipting Álptaneshrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. f. m. hafið þjer, herra amtmaður sent mjer álit sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um bænaðskrá, er hingað hafði verið send, og þar sem hreppsnefndin í Álptaneshrepp fer þess á leit, að nefndum hreppi verði skipt í 3 sveitarfjelög, þar að auki fylgdi brjefi yðar eptirrit eptir fundabók hreppsnefndarinnar, um almennan hreppafund, er haldinn var 22. febrúar þ. á. að tilhlutum hlutaðeigandi sýslumanns, og stjórnaði hreppsnefndin fundinum, og er þar farið fram á hina áminstu skipting hreppsins í 3 sveitarfjelög, en til vara er beðið um að skipta honum í tvö sveitarfjelög, og hefir bæði sýslunefndin og þjer, herra amtmaður, aðhyllt hina framkomnu varauppástungu, að Álptaneshreppi verði skipt í 2 hreppa, þannig að Bessastaðasókn og Garðasókn verði hvor um sig einn hreppur.